



Félag háskólakennara

2. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2021/2022, haldinn miðvikudaginn 18. ágúst 2021

Fundinn sátu: Baldvin Zarioh, Íris Davíðsdóttir, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Sævar Ingþórsson, og Berglind Eva Benediktsdóttir. Ármann Höskuldsson var viðstaddur fundinn í gegnum Teams. Íris Davíðsdóttir, ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu: Guðmundur Ingi Guðmundsson og Pontus Erik Gunnar Jarvstad.

Til afgreiðslu:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 2. júní 2021.
2. Fundargerð aðalfundar 20. maí 2021.
3. Fundargerð félagsfundar 1. júní 2021.

Til umræðu:

4. Fundur með rektor, júní 2021
 - i. Bréf vegna umbunar stjórnarsýslu.
5. Bréf vegna innleiðingar góðra kennsluhátta í framgangi í starfi, frestað.
6. Fréttir af fyrirkomulagi greiðslna vegna kennslu BEB.
7. Staða endurskoðunar matskerfisins.
8. Þrep fyrir skilgr. kennslu á Raunvísindastofnun, óska eftir fundi
9. Samráðsnefnd Fh og HÍ.
 - i. Stundakennarar sem kenna meira en 25%, sbr. fundargerð 2. júní sl.
 - ii. Vandi doktorsnema, umboðsmaður, veikindi og „overhead“, sbr. fundargerð 2. júní sl.
 - iii. Skilgreining á stöðu aðjúnkta 1 í < 50% starfi.
10. Fundur með Landsbókasafni 21. júní.
11. Samninganámskeið ríkissáttasemjara, sbr. tp. 12. ágúst.
12. Umræðustjórar á Stefnumótunarþingi BHM 14. október nk.
13. Vinnumatssjóður / ársmatssjóður.
14. Fréttir af BHM, ÍD.

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 2. júní 2021

Fundargerðin var samþykkt.

2. Fundargerð aðalfundar 20. maí 2021

Fundargerðin var samþykkt.

3. Fundargerð félagsfundar 1. júní 2021

Fundargerðin var samþykkt.

4. Fundur með rektor, júní 2021

Fundurinn frestaðist og var ekki haldin í júní. Rætt var um bréf varðandi umbun til handa stjórnýslunni og mun formaður senda það til rektors ásamt beiðni um fund sem fyrst í september.

5. Bréf vegna innleiðingar góðra kennsluhátta í framgangi í starfi

Rætt var um drög að bréfi sem Berglind gerði um innleiðingu góðra kennsluhátta og tengsl við framgang í starfi. Ákveðið var að bíða með bréfið en að taka upp með samráðsnefnd óskir um þrep fyrir setu á sérstökum kennslufræðinámskeiðum kenndum í Kennslufræði Háskóla (Viðbótardiploma) eða svipuðu.

6. Fréttir af fyrirkomulagi greiðslna vegna kennslu (BEB)

Síðasti fundur nefndarinnar um fyrirkomulag greiðslna fyrir kennslu var haldin í júní og nú er unnið að lokaskýrslu og mögulegum drögum að formúlu.

7. Staða endurskoðunar matskerfisins

Nú er tillögugerð um breytingar á lokametrinum hjá nefndinni um endurskoðun kerfisins og félögin munu fá drögin til athugasemda um miðjan september. Ákveðið var að taka sérstakan vinnufund um málið þegar drögin liggja fyrir.

8. Þrep fyrir skilgreinda kennslu á Raunvísindastofnun- óska eftir fundi

Ákveðið var að formaður sendir nýráðnum framkvæmdarstjóra Raunvísindastofnunar póst með ósk um fund sem fyrst. Stjórnarfundur Raunvísindastofnunar verður haldin í næstu viku og vonandi nær erindi inn á fundinn til kynningar.

9. Samráðsnefnd Fh og HÍ.

- i. Stundakennarar sem kenna meira en 25%, sbr. fundargerð 2. júní sl.
- ii. Vandi doktorsnema, umboðsmaður, veikindi og „overhead“, sbr. fundargerð 2. júní sl.
- iii. Skilgreining á stöðu aðjúnkta 1 í < 50% starfi.

Ofantaldir liðir eru atriði sem taka á fyrir á næsta samráðsnefndarfundi sem verður haldin í september. Íris lagði til að farið yrði í að ræða vinnustímastyttinguna og reynsluna af henni. Einnig var lagt til að rætt yrði um skráningar í Vinnustund þegar upp kemur sóttkví hjá starfsmanni (eða börnum þeirra). Formaður upplýsti að til stæði að hafa fund með mannuðsstjóra til að ræða málefni Landsbókasafns (sbr. hér að neðan) og þá væri hægt að hefja umræðuna um vinnustímastyttinguna.

10. Fundur með Landsbókasafni 21. júní

Í kjölfarið á fundi með Landsbókasafninu í júní var ákveðið fara í samanburð á launakjörum á starfsmönnum þess og starfsmönnum Háskólans.

11. Samninganámskeið ríkissáttasemjara, sbr. tp. 12. ágúst

Stjórninni stendur til boða að fara á samninganámskeið hjá ríkissáttasemjara þann 14.-16. mars í Borgarfirði. Ákveðið var að taka ákvörðun um málið á næsta fundi stjórnar.

12. Umræðustjórar á Stefnumótunarþingi BHM 14. október nk.

Stefnumótunarþing BHM verður haldið á Selfossi dagana 14.-15. október næstkomandi. FH var beðið að útnefna umræðustjóra og verið er að safna nöfnum. Formaður sendir inn tillögur okkar að umræðustjórum í næstu viku.

13. Vinnumatssjóður / ársmatssjóður

Greiðslur á hvert stig í Vinnumatssjóð/ársmatssjóð hækka nokkuð á milli ára.

14. Fréttir af BHM, ÍD

Ákveðið var að stjórnarmeðlimir láti framkvæmdarstjóra vita sem fyrst hvort þau ætli að mæta á stefnumótunarþingið og hvort þau muni gista. Það á að skila inn listum til BHM fyrir 31. ágúst næstkomandi.

15. Önnur mál

Ákveðið var að framkvæmdarstjóri sendi með hlekk á viðeigandi rás þar sem gögnin eru í Teams með fundarboðinu.

Ákveðið var að halda opinni hugmyndinni um að haldið verði námskeið um framtal starfa í desember.

Ákveðið var að halda opinni hugmyndinni um að haldið verði námskeið um Skrefið og mun formaður taka það upp við mannauðsstjóra HÍ á næsta fundi þeirra.

Ákveðið var að framkvæmdarstjóri setji inn fundarboð fyrir stjórnarfundi fram að jólum.

Fleira ekki gert.

Næsti fundur verður 1. september 2021.